

## Samkomulag kjararáðs FÍS og VR/LÍV

Samkvæmt samningi sem gerður var á milli kjararáðs FÍS og VR/LÍV í apríl 2004 er gert ráð fyrir að kjaranefnd, skipuð tveimur fulltrúum frá hvorum aðila, komi saman til að fara yfir framkvæmd kjarasamningsins og gera tillögur um breytingar á honum og meta launapróun. Á grundvelli þessa ákvæðis og að ósk VR/LÍV var nefnd þessi kölluð saman í nóvember 2005. Viðræður aðila leiddu til þess að gert var samkomulag um breytingar á kjarasamningi kjararáðs FÍS og VR/LÍV þann 25. nóvember 2005.

Nú liggur fyrir að verðbólga hefur verið mun meiri en séð var fyrir þegar umrætt samkomulag var gert. Orsakast þessi þróun fyrst og fremst af mikilli gengislækkun krónunnar fyrri hluta árs 2006, en miklar líkur eru á að verðbólga verði áfram há síðari hluta ársins. Í því ljósi óskaði VR/LÍV eftir viðræðum við kjararáð FÍS til að kanna möguleika á breytingum á kjarasamningi aðila nú, í stað þess að bíða með endurskoðun hans þar til í nóvember 2006 eins og samkomulag aðila gerir ráð fyrir.

Aðilar hafa því komist að svohljóðandi samkomulagi:

1. Lágmarkslaun, sem eru nú kr. 115.000, sbr gr. 1.1. í kjarasamningi aðila, skulu hækka í kr. 130.000 frá og með 1. júlí 2006.
2. Samkvæmt samkomulagi FÍS og VR/LÍV frá 25. nóvember 2005 skulu þeir starfsmenn sem ekki hafa fengið að lágmarki 5,6% launahækkun frá 1. nóvember 2004 fá þá launahækkun eða þann mismun, sem upp á vantar frá 1. júlí 2006. Þeir sem hófu störf eftir 1. janúar 2005 skulu fá að lágmarki 2,5% launahækkun með sama hætti. Með þessu samkomulagi mun FÍS ennfremur beina þeim eindregnu tilmælum til aðildarfyrirtækja sinna að í þeim launaviðtölum sem framundan eru verði tekið tillit til þeirrar 3% hækkunar launa til viðbótar við ofangreindar launahækkunarir, til samræmis við launahækkun, sem samið hefur verið um á almennum vinnumarkaði.
3. Samkomulag þetta kemur í stað þeirrar endurskoðunar á kjarasamningi FÍS og VR/LÍV sem gert er ráð fyrir að eigi sér stað í nóvember 2006, samkvæmt gildandi kjarasamningi aðila. Með vísan til gr. 16.2 í kjarasamningnum, frestar kjaranefnd því störfum sínum til nóvember 2007 og getur komið saman þá með þeim heimildum sem um getur í þeirri grein.
4. Aðilar eru sammála um að hér sé um að ræða breytingar í samræmi við ákvæði gr. 16.2 í kjarasamningi aðila. Ekki sé því nauðsynlegt að kalla saman almenna félagsfundi hjá þeim félögum sem aðild eiga að samningnum til að afgreiða samkomulag þetta.

Reykjavík, 29. júní 2006

f.h. FÍS

f.h. VR/LÍV